

Efnamóttakan hf  
Gufunesi  
112 Reykjavík

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 30. mars 2015  
Tilv.: UMH13110069/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 12. nóvember 2013 þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá ákvæði 2.5 í starfsleyfi Efnamóttökunnar hf. hvað varðar losunarmörk, annars vegar vegna blýs og hins vegar vegna olíu og fitu. Í erindinu kemur fram að rekstraraðili sækir nánar tiltekið um að losunarmörk fyrir blý í frárennsli frá starfsstöð rekstraraðila í Gufunesi verði 0,5 mg/l en til vara að mörkin verði ekki lægri en 0,2 mg/l. Einnig er sótt um að losunarmörk fyrir olíu og fitu í frárennsli verði 100 mg/l eða þau sömu og í starfsleyfi Sorpu bs. fyrir móttökustöð í Gufunesi, en frárennsli frá Efnamóttökunni hf. fer í gegnum hreinsivirki Sorpu bs. í lokuðu frárennisliskerfi. Með bréfi hinn 2. júlí 2014 óskaði ráðuneytið eftir að beiðnin um undanþágu yrði afmörkuð tímanlega áður en tekin yrði afstaða til erindis yðar. Svar Efnamóttökunnar hf. barst ráðuneytinu með bréfi hinn 5. ágúst 2014 þar sem fram kemur að óskað sé eftir tímabundinni undanþágu sem gildi þar til nýtt starfsleyfi liggja fyrir.

Erindi þetta hefur verið langan tíma í vinnslu og ekki er komin niðurstaða varðandi losunarmörk vegna olíu og fitu. Ráðuneytið kys því að afgreiða erindi er varðar losunarmörk fyrir blý í frárennsli sérstaklega til að ekki verði frekari tafir á þeim þætti sem hægt er að afgreiða nú. Afgreiðsla þessi varðar því eingöngu undanþágu fyrir losunarmörk blýs í frárennsli.

Í 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að ráðherra sé heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar með bréfi, dags. 9. desember 2013 í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þágildandi 2. ml. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Afrit af bréfinu var sent Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

Í umsögn Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins dags. 9. janúar 2014 kemur fram að varðandi undanþágubeiðni um hækkun á losunarmörkum fyrir blý sé vísað til bréfs Umhverfisstofnunar til Efnamóttökunnar hf. dags. 29. desember 2011, þar sem segir að losunarmörk í nýlegum starfsleyfum til sambærilegra aðila sem meðhöndla spilliefni séu 0,2 mg/l fyrir blý en þau losunarmörk hafi verið sett í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, og skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun geti því fallist á að losunarmörk fyrir blý í frárennslisvatn verði hækkað í 0,2 mg/l. Hins vegar sé nauðsynlegt að sækja um nýtt starfsleyfi til að hækkun á losunarmörkum taki gildi fyrir blý í frárennslisvatni en núgildandi starfsleyfi renni út árið 2016. Til að hækkunin geti tekið gildi á meðan

starfsleyfisvinnslu standi sé mögulegt að sækja um tímabundna undanþágu til ráðuneytis. Það hafi nú verið gert og að Umhverfisstofnun telji rétt, í samræmi við fyrrgreint bréf sitt til rekstraraðila, að til greina komi að undanþága verði veitt og losunarmörk fyrir blý í frárennsli verði hækkuð í 0,2 mg/l að því gefnu að rekstraraðili sæki um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og undanþágan gildi þá á meðan vinnsla við starfsleyfi fari fram.


Í tölvupósti frá Umhverfisstofnun 27. mars 2015 kemur fram að Efnamóttakan hf. hefur sótt um nýtt starfsleyfi hjá stofnuninni þar sem starfssemin mun flytja síðar á þessu ári, úr Gufunesi og að Berghellu í Hafnarfirði. Umsókn Efnamóttökunnar hf. var samþykkt af Umhverfisstofnun 28. janúar 2015 og drög að starfsleyfistillögu liggja fyrir. Í þeim drögum eru losunarmörk á blýi 0,2mg/l í stað 0,1mg/l í gildandi starfsleyfi Efnamóttökunnar. Fram kemur í tölvupóstinum að fyrirhugað sé að senda starfsleyfistillöguna í auglýsingu í apríl 2015.

Að fenginni framangreindri umsögn og upplýsingum frá Umhverfisstofnun veitir ráðuneytið Efnamóttökunni hf. Gufunesi hér með tímabundna undanþágu frá ákvæði í grein 2.5. starfsleyfis Efnamóttökunnar hf. frá 28. maí 2004 um losunarmörk í frárennsli þannig að leyfilegur styrkur fyrir blý verði 0,2 mg/l. Undanþágan er veitt í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Undanþága þessi gildi á meðan starfsemi Efnamóttökunnar hf. er í Gufunesi en eigi lengur en til 15. október 2015.

Framangreint tilkynnist hér með.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir

  
Laufey Helga Guðmundsdóttir